

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ingjaldssjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ingjaldssjóður. Sjóðurinn er stofnaður af Háskóla Íslands, kt. 600169-2039, til minningar um Ingjald Hannibalsson, f. 17. nóvember 1951, d. 27. október 2014.

Í erfðaskrá, dags. 27. júní 2000, arfleidir Ingjaldur Hannibalsson eftir sinn dag Háskóla Íslands að öllum sínum eignum að frádregnum útfararkostnaði. Til eigna teljast m.a. íbúð að Lækjargötu 4, Reykjavík, bankainnstæður, verðbréf og séreignarsparnaður. Stofnfé Ingjaldssjóðs er andvirði þessara eigna.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

Sjóðurinn er í umsjá og vörsu Styrktarsjóða Háskóla Íslands og fellur undir sjóði sem lúta yfirstjórn Háskóla Íslands.

2. gr.

Tilgangur Ingjaldssjóðs helgast af fyrirmælum í erfðaskrá Ingjalds. Sjóðurinn skal hafa það hlutverk að styrkja efnilega nemendur Háskóla Íslands til framhaldsnáms erlendis í rekstrarstjórnun, alþjóðlegum viðskiptum eða nemendur í tónlist. Rektor Háskóla Íslands hefur yfirumsjón með sjóðnum.

3. gr.

Stofnframlag sjóðsins er 70.000.000 kr. – sjötíu milljónir króna.

Þar af eru 50.000.000 kr. – fimmtíu milljónir króna – verðbættar og óskerðanlegar.

Tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

Vextir og arður af eignum sjóðsins.

Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni sjóðsins.

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmust á hverjum tíma og taka mið af fjárfestingarstefnu Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Heimilt er að úthluta til styrkja raunávöxtun sjóðsins á hverju reikningstímabili með tilliti til verðlagsbreytinga og að frádregnum kostnaði við rekstur sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda Styrktarsjóða Háskóla Íslands og þeir birtir með sama hætti og aðrir reikningar Háskóla Íslands.

4. gr.

Rektor Háskóla Íslands skipar þriggja manna stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn. Við skipun stjórnar skal taka mið af tilgangi sjóðsins og skal a.m.k. einn stjórnarmaður vera tónlistarmenntaður.

Stjórnarstörf eru ólaunuð.

Hlutverk stjórnar er halda utan um málefni sjóðsins og kynningar- og umsóknarferli í samstarfi við umsjónarmann Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Stjórnin gerir tillögur til rektors um einstakar styrkveitingar, hefur eftirlit með ráðstöfun styrkja og meðferð fjármuna. Stjórnin kemur saman að minnsta kosti árlega. Stjórnin fer yfir ársreikning sjóðsins og setur sér nánari starfsreglur um úthlut-anir, svo sem einstakar styrkfjárhæðir, umsóknarfresti og ferli umsókna, innan ákvæða skipulags-skrár. Starfsreglur sjóðsins skulu endurskoðaðar reglulega. Sjóðstjórn heldur fundargerðabók og skilar fundargerðum til umsjónarmanns Styrktarsjóða Háskóla Íslands til varðveislu.

Stjórnin skal úthluta styrkjum á grundvelli auglýsingar. Auglýsing eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum skal gerð á þann hátt að hún nái til sem flestra sem hún getur átt erindi til. Lögð skal áhersla á að auglýsa í þeim miðlum sem talið er hverju sinni að nái til viðkomandi hóps.

5. gr.

Minningu Ingjalds Hannibalssonar skal ávallt haldið á lofti með sýnilegum hætti af hálfu Háskóla Íslands.

Nr. 1100

23. nóvember 2015

Að jafnaði skal úthlutun tilkynnt við hátíðlega athöfn, á afmælisdegi Ingjalds þann 17. nóvember árlega. Stjórn getur í ljósi ávöxtunar eða annarra aðstæðna ákveðið að safna saman leyfilegri úthlutun á milli reikningsára og úthluta í einu lagi lausum hlut samkvæmt reikningsskilum.

Fyrsta úthlutun fer fram í fyrsta lagi einu reikningsári eftir stofnun, enda liggi fyrir endurskoðuð reikningsskil og upplýsingar um laust fē til úthlutunar styrkja.

6. gr.

Ekki er hægt að leggja sjóðinn niður eða gera breytingar á hlutverki hans og tilgangi af öðrum ástæðum en kveðið er á um í lögum og ekki án þess að sjóðstjórn og rektor Háskóla Íslands séu einhuga um þá ákvörðun. Verði sjóðurinn lagður niður, renna fjármunir hans til málefna er tengjast tilgangi sjóðsins.

7. gr.

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra skal leitað á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 23. nóvember 2015,

Björn Hrafinkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2015